

Reykjavík, 28. október 2020



Dagur íslenskrar tungu
16. nóvember

Ágæti viðtakandi.

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta og fimmta sinn mánudaginn 16. nóvember nk. Dagurinn hefur fest sig í sessi sem sérstakur hátíðisdagur íslenskunnar og gefur kjörið tækifæri til þess að fagna því sem vel er gert og minna á mikilvægi íslenskrar tungu.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum standa saman að undirbúningi og kynningu á degi íslenskrar tungu og vilja hvetja sem flesta skóla og stofnanir til þess að fagna honum með því að halda íslensku í heiðri.

Minnt er á að dagur íslenskrar tungu er opinber fánadagur og því mælst til þess að opinberar stofnanir flaggi íslenska fánanum í tilefni dagsins.

Dagskrá hátíðarinnar er með hefðbundnu sniði þar sem íslenskan verður sem fyrir í öndvegi. Kastljósinu verður beint að skáldskap Jónasar Hallgrímssonar og verðlaun og viðurkenningar veittar þeim sem hafa unnið íslenskri tungu sérstakt gagn. Hátíðardagskrá á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytis verður að þessu sinni haldin í Vestmannaeyjum.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum hefur umsjón með ýmsum verkefnum sem tengjast viðburðum á degi íslenskrar tungu. Þeir sem vilja kynna viðburði sína geta sent ábendingar um slíkt á netfangið eva.maria.jonsdottir@arnastofnun.is.

Almennar upplýsingar um dag íslenskrar tungu má finna á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis og á Facebook-síðunni Dagur íslenskrar tungu (<https://www.facebook.com/dagur.isl.tungu/>).

Nánari upplýsingar veita Eva María Jónsdóttir (eva.maria.jonsdottir@arnastofnun.is) og Laufey Kristjánsdóttir (laufey.kristjansdottir@mrn.is).

Með von um góðar undirtektir og kærri kveðju,

Lilja D. Alfreðsdóttir,
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal,
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum